



Brotthvarf eða námshlé? Ástæður brotthvarfsnema, ástæður fyrir brotthvarfi og áform um frekara nám

Hans Haraldsson, Ragný Þóra Guðjohnsen og Kolbrún Þ. Pálsdóttir

► Abstract

► Um höfunda

► About the authors

► Heimildir

Framhaldsmenntun ungmenna að loknum grunnskóla er talin mikilvæg til að stuðla að jöfnuði og velsæld þjóðfélaga. Hér á landi innritast um 95% nemenda í framhaldsskóla strax að loknum grunnskóla. Ýmsir mælikvarðar eru til á brotthvarf á framhaldsskólastigi og eru þeir mælikvarðar sem eru sambærilegir á Norðurlöndum allir með hæsta móti á Íslandi. Umtalsverður hópur ungmenna sem hverfur frá námi hér á landi hefur þó ágæta fótfestu í samfélaginu og er hlutfall þeirra sem ekki eru í námi, vinnu eða starfsþjálfun (vanvirk) með því lágsta í Evrópu. Í rannsókninni var leitað svara við (1) hvað einkenni stöðu og framtíðaráform 18–24 ára ungmenna sem hvorki stunda né hafa lokið námi á framhaldsskólastigi (brotthvarfshópur) í samanburði við þau sem stunda framhaldsskólanám eða hafa lokið því (skólahópur), (2) hvaða ástæður ungmenni utan skóla gefa fyrir brotthvarfi og (3) hvort fram komi munur á forspárþáttunum og ástæðum brotthvarfs innan brotthvarfshópsins eftir því hvort þau hafi áform um nám í náinni framtíð eða ekki. Notuð voru gögn Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar. Spurningalisti var lagður fyrir slembiúrtak ungs fólks á aldrinum 18–24 ára í brotthvarfshópi og samanburðarhópi nemenda sem skráðir voru í framhaldsskólanám eða höfðu lokið slíku námi. Heildarúrtaksstærð var 1.000 fyrir hvorn hóp og bærust 276 svör úr brotthvarfshópi og 602 úr samanburðarhópi. Niðurstöður sýndu að meirihluti ungs fólks í brotthvarfi hefur fyrirætlanir um frekara nám innan tveggja ára. Þá sýndu niðurstöður skýran mun milli brotthvarfs- og samanburðarhóps á þeim forspárþáttum brotthvarfs sem skoðaðir voru en ekki kom fram áberandi munur innan brotthvarfshóps eftir fyrirætlunum um frekara nám. Ástæður fyrir brotthvarfi voru helst námsleiði, vanmáttur og tilgangssleysi í námi. Niðurstöður falla illa að þeirri skýringu að mikið brotthvarf en lítil vanvirkni á Íslandi skýrist af því að stór hópur ungmenna sem standa vel kjósi að taka sér stutt námshlé.

Efnisorð: framhaldsskólanám, brotthvarf, framtíðarmarkmið um nám og störf

Inngangur

Brotthvarf úr námi er flókið fyrirbæri. Fæstir sitja á skólabeck til æviloka og það má auðveldlega ráða af tölum um aldursdreifingu útskriftarnema á framhalds- og háskólastigi að námsferill margra er rofinn, ýmist innan skólastigs, á milli skólastiga eða þrepa á sama skólastigi. Í þessari rannsókn er sjónum beint að brotthvarfi á framhaldsskólastigi, nánar tiltekið þeim hópi ungs fólks á aldrinum 18–24 ára sem hefur horfið frá námi að loknum grunnskóla eða hafið nám á framhaldsskólastigi og hætt því án þess að ljúka prófi. Þessi skilgreining á brotthvarfi er ein af mörgum sem notaðar eru í fræðilegri umræðu og opinberri tölfræði um brotthvarf.

Ísland sker sig úr meðal Evrópuríkja að því leyti að allir samræmdir mælikvarðar á brotthvarf eru með hæsta móti hér á landi. Á meðan er hlutfall ungs fólks í vanvirkni, þ.e. sem er ekki í námi, vinnu eða starfsþjálfun (e. not in education employment or training, NEET), með lægsta móti. Þá er meðalaldur við útskrift úr framhaldsskóla og háskóla með hæsta móti á Íslandi. Íslensk menntastefna til 2030 (Stjórnarráð Íslands, e.d.) leggur ríka áherslu á að menntakerfið eigi að vera sveigjanlegt, opið og aðgengilegt (OECD, 2023; Stjórnarráð Íslands, 2020). Framhaldsskólastigið hér á landi hefur undirgengist viðamiklar stefnumarkandi breytingar á undanförunum árum, s.s. með innleiðingu nýrrar námskrár (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012) og styttingu framhaldsskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014). Þær breytingar voru meðal annars rökstuddar með tilvísun til þess að koma ætti betur til móts við fjölbreyttan nemendahóp, draga úr brotthvarfi og gera ungu fólki kleift að mennta sig á eigin forsendum (Steiner-Khamsi o.fl., 2024). Opinber tölfræði gefur upplýsingar um ýmsa þætti sem tengjast skólagöngu ungs fólks, virkni þeirra og farsæld. Það er þó ekki síður mikilvægt að kalla eftir upplifun og reynslu ungmennanna sjálfra til þessara þátta, til þess að fá skýrari mynd af áhrifaþáttum brotthvarfs.

Markmið þessarar rannsóknar, sem byggir á gögnum úr könnun Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar (ÍÆ) árið 2022, er að bera saman þátttakendur í brotthvarfshópi og skólahópi á aldrinum 18 til 24 ára út frá þáttum sem rannsóknir hafa bent til að væru líklegir forspárþættir brotthvarfs. Í fyrsta lagi út frá fjárhagslegu baklandi og hvatningu foreldra, í öðru lagi út frá líðan í grunnskóla og þriðja lagi út frá framtíðarsýn og áformum um áframhaldandi nám og starfsval.

Tölfræði um brotthvarf, vanvirkni og útskriftir

Tölfræði um brotthvarf og vanvirkni getur virkað misvísandi þar sem unnið er út frá ólíkum skilgreiningum. Þá eru hlutfallstölur oft miðaðar við ólíka hópa (svo sem innritunarárganga, fæðingarárganga og flokkaða aldurshópa íbúa). Tölfræðilegar skilgreiningar geta jafnframt leitt til þess að óvenjuleg tilfelli (eða tilfelli sem voru óvenjuleg þegar skilgreiningin var búin til) flokkast undarlega.

Mælikvarðar á brotthvarfi, vanvirkni og menntunarstöðu

Nýnemabrotthvarf

Nýnemabrotthvarf er skilgreint sem „hlutfall nýnema í aðalskóla sem hafa hætt í framhaldsskóla á skólaárinu án þess að útskrifast eða flytja sig í annan framhaldsskóla. Almenn er miðað við að nýnemi er nemandi sem er að hefja nám í framhaldsskóla haustið eftir lok grunnskóla.“ (Þingskjal nr. 329/2023–2024). Tölfræði um nýnemabrotthvarf er byggð á stjórnsýslugögnum, unnin í Mennta- og barnamálaráðuneytinu og birtist óreglulega.

Árgangsbrotthvarf (innritunarárgangar)

Í tölum Hagstofu Íslands um árgangsbrotthvarf á framhaldsskólastigi er nýnemum hvers árs fylgt eftir. Nýnemar teljast þeir sem eru í fyrsta skipti skráðir í nám á framhaldsskólastigi. Brautskráist nemandi af námsbraut sem er að minnsta kosti tvö ár að lengd samkvæmt prófaskrá Hagstofu Íslands telst hann brautskráður. Ef hann er skráður í nám á framhaldsskólastigi og hefur ekki brautskráðst af námsbraut sem er að minnsta kosti tvö ár að lengd telst hann enn í námi. Sé nemandi hvorki skráður í nám né útskrifaður (eða látinn) telst hann hafa horfið frá námi (Hagstofa Íslands, e.d.-a).

Tölur um árgangsbrotthvarf eru unnar af Hagstofu Íslands sem birtir reglulega tölur um brautskráningarhlutfall og árgangsbrotthvarf fjórum, sex og sjö árum eftir innritun eftir ýmsum bakgrunnsbreytum, fæðingarlandi, menntun foreldra og aldri við flutning til landsins (Hagstofa Íslands, e.d.-b, e.d.-c, e.d.-d). Tölur um árgangsbrotthvarf eru ekki unnar samkvæmt samræmdri alþjóðlegri skilgreiningu en stundum eru gerðar tilraunir til samanburðar (t.d. OECD, 2023).

Í tölfræði Hagstofunnar um árgangsbrotthvarf eru allir taldir nýnemar sem birtast í fyrsta skipti í nemendaskrá. Þessir einstaklingar kunna þó að vera innflytjendur sem ekki eru nýnemar í neinum hefðbundnum skilningi eða skiptinemar sem eðlilega hverfa aftur úr skránni án útskriftar (Kolbeinn H. Stefánsson og Helgi E. Eyjólfsson, 2022).

Snemmbært brotthvarf

Snemmbært brotthvarf (e. early school leavers) samkvæmt skilgreiningu hagstofu Evrópusambandsins er hlutfall í aldurshópnum 18–24 ára sem hvorki er í eða hefur lokið námi á framhaldsskólastigi (Eurostat, e.d.-a). Nám á framhaldsskólastigi telst allt nám á stigi 3 samkvæmt útgáfu frá 2011 af alþjóðlegum flokkunarstaðli UNESCO (2012) fyrir menntun (e. International standard classification of education, ISCED). Tölur um snemmbært brotthvarf eru byggðar á vinnumarkaðsrannsóknum (e. labour force surveys) hagstofa EES-landanna (Eurostat, e.d.-b) en Hagstofa Íslands vinnur rannsóknina hér á landi (Hagstofa Íslands, e.d.-a). Skráning í nám er miðuð við hvort svarandi hafi verið í einhverju námi eða starfsþjálfun á fjögurra vikna tímabili áður en hann svaraði könnuninni. Þýði vinnumarkaðsrannsókna EES-landanna eru allir íbúar viðkomandi lands á tilteknu aldursbili (Eurostat, e.d.-b).

Af þeim brotthvarfsskilgreiningum sem hér hafa verið kynntar er skilgreining snemmbærs brotthvarfs næst skilgreiningunni sem notuð var í könnun ÍÆ meðal nemenda utan skóla (Ragný Þóra Guðjohnsen o.fl., 2023-a) sem unnið er úr í þessari rannsókn.

Markhópur í könnun ÍÆ sem unnið er með í þessari rannsókn var ákveðinn í samráði við Mennta- og barnamálaráðuneytið. Skilgreining sem liggur mjög nálægt skilgreiningu hagstofu Evrópusambandsins á snemmbæru brotthvarfi varð fyrir valinu því hún féll vel að heildarmarkmiðum könnunarinnar en ekki vegna þess að hún væri talin „besta skilgreiningin“ á brotthvarfi. Mikilvægt er að hafa í huga að skilgreiningin lýsir ástandi sem getur verið tímabundið eða varanlegt. Hún er ekki atburður, eins og sú skilgreining sem miðað er við í skýrslu Kolbeins H. Stefánssonar og Helga E. Eyjólfssonar (2022) þótt snemmbært brotthvarf geti vissulega verið endurtekið. Að auki er hún ekki útkoma eins og árgangsbrotthvarf í tölum Hagstofunnar (staða einstaklings á tilteknum tímapunkti eftir innritun breytist ekki).

Aðrar brotthvarfsskilgreiningar

Ýmsar aðrar skilgreiningar á brotthvarfi hafa verið notaðar í opinberum skýrslum í gegnum tíðina. Í skýrslu Kolbeins H. Stefánssonar og Helga E. Eyjólfssonar (2022) um samband félags- og efnahagslegrar stöðu við brotthvarf úr framhaldsskólum er til dæmis miðað við að nemandi sé utan skóla á tilteknu ári en hafi verið í skóla árið áður. Þetta mætti kalla „brotthvarfsatburð“. Svipaðar tölur hafa verið unnar af Hagstofunni (2016) en þá er reiknað hlutfall nemenda sem hverfur úr nemaskrá án þess að hafa útskrifast. Þetta mætti ef til vill kalla „árlegt brotthvarf“. Þá hefur Hagstofa Íslands (2010) unnið tölur um innritunar- og brautskráningarlutföll fæðingaráganga en þær tölur eru ekki hluti af reglulegum tölfræðibirtingum hennar.

Menntunarstaða

Hagstofur í EES-löndum vinna tölfræði um menntunarstöðu jafnan eftir aðferð Eurostat (e.d.-c). Menntunarstaða einstaklings er þá sú menntun sem hann hefur lokið sem hefur hæsta flokkunarnúmer í ISCED 2011 flokkunarkerfinu. Einstaklingur telst aðeins hafa menntun á tilteknu stigi ef prófgráðu á viðkomandi stigi er lokið. Menntunarstigi í aldurshópnum 25–34 ára er oft notað til samanburðar á milli landa (til dæmis Eurostat, e.d.-d) og er þá eins konar mælikvarði á brotthvarf. Tölfræði um menntunarstöðu er unnin úr vinnumarkaðskönnunum þátttökulanda.

Þegar menntunarstaða er borin saman á milli hópa þarf að hafa tímapáttinn í huga. Í tölum um menntunarstöðu er menntun ekki talin fyrir en prófgráðu er lokið. Þannig er hlutfall háskólamenntaðra

meðal læknanema við Háskóla Íslands, sem ekki hafa lokið öðru námi fyrir læknanám, 50% ef árgangar eru jafn stórir, þar sem læknanemar útskrifast með BS-gráðu (á ISCED-stigi 6) þegar námið er hálfnað. Miðað við sömu forsendur er það hins vegar 0% meðal tannlæknanema þar sem þeir hafa hingað til útskrifast með Cand.odont.-próf (á ISCED-stigi 7) eftir 6 ár, án milliútskriftar. Það er þó ekki nema í tæknilegum og þröngum skilningi sem hægt er að segja að menntunarstig læknanema sé hærra en tannlæknanema. Hafa verður í huga að þessi tímaþáttur getur mögulega skipt töluvert miklu máli þegar menntunarstaða er borin saman á milli landa, þar sem tíðni útskrifta yfir námsferilinn getur verið ólík á milli landa.

Rannsakendur fundu hvergi sérstakan rökstuðning fyrir að nota menntunarstöðu í aldurshópnum 25–34 ára sem viðmið í alþjóðlegum samanburði. Þó má leiða líkum að því að í mörgum löndum megi gefa sér að langflestir sem á annað borð muni ljúka námi á framhaldsskólastigi geri það fyrir 25 ára aldur og að flestir sem ljúki háskólaprófi hafi lokið fyrstu gráðu við sama aldur. Menntunarstaða í þessum aldurshópi ætti því að gefa nokkuð skýra mynd af hvar skólagöngu ungs fólks í viðkomandi landi lýkur. Það er þó alls ekki tilfellið á Íslandi.

Það er sérstaklega mikilvægt í íslensku samhengi að hafa í huga að tölur sem unnar eru úr vinnumarkaðskönnunum eiga við alla íbúa lands en ekki eingöngu ríkisborgara. Þegar viðmiðunaraldursbil teygja sig langt yfir tvítugt getur þýðið því innihaldið nokkuð stóra hópa sem flytja til landsins gagnert til að vinna störf ófaglærðra.

Þá er rétt að hafa í huga að þær tölur fyrir flokkaða aldurshópa sem fjallað er um hér, eiga við um ástand sem er breytilegt yfir tíma en ekki útkomur. Ef við ímyndum okkur til dæmis land þar sem árgangar á bilinu 18–24 ára eru jafn stórir, allir ljúka námi á framhaldsskólastigi en taka sér eins árs hlé frá námi á aldursbilinu áður en þeir útskrifast þá væri hlutfall snemmbærs brotthvarfs á hverjum tíma tæplega 14,3%, þar sem einn af hverjum sjö er í brotthvarfsástandi á hverjum tímapunkti.

Vanvirkni (ekki í námi, vinnu eða starfsþjálfun)

Hlutfall ungs fólks sem ekki er í námi, vinnu eða starfsþjálfun (e. not in education, employment or training, NEET) samkvæmt skilgreiningu hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat, e.d.-c), er hlutfall ungs fólks sem 1) stundar hvorki formlegt né óformlegt nám eða starfsþjálfun og 2) er ekki í launaðri vinnu, hvort sem það telst atvinnulaust eða utan vinnumarkaðar. Tölur um hlutfall ungs fólks sem ekki er í námi, vinnu eða starfsþjálfun eru byggðar á vinnumarkaðsrannsóknum (e. labour force surveys) hagstofa EES-landa.

Vanvirkni (e. NEET) er nokkuð einfaldur og í meginráttum réttmætur mælikvarði á hlutfall ungs fólks sem ekki nær fótfestu í samfélaginu. Hann verður þó að túlka með hliðsjón af því að skilgreiningin nær yfir allt ungt fólk sem er utan vinnumarkaðar og ekki í námi. Ástæður fyrir stöðu utan vinnumarkaðar skipta ekki máli. Ungt fólk sem er utan skóla og vinnumarkaðar vegna veikinda, til að sinna heimili og börnum eða til að ferðast fellur því einnig í þennan flokk. Hlutfall vanvirkra getur því ekki við neinar raunhæfar aðstæður orðið 0%.

Athugasemdir um mælikvarða á brotthvarf og vanvirkni


Þróun mælikvarða á brotthvarf og vanvirkni

Á *Mynd 1* sést þróun helstu mælikvarða á brotthvarf og vanvirkni frá 2010 og fyrir þau ár sem gögn eru tiltæk um. Á myndinni er jafnframt samanburður við önnur Norðurlönd þar sem samanburðargögn eru til. Engin leitni (e. trend) er greinileg í þróun nýnemabrotthvarfs og ekki að sjá að það spái fyrir um árgangsbrotthvarf. Tímaraðir fyrir árgangsbrotthvarf ná eðlilega ekki til dagsins í dag þar sem tölur eru fyrir innritunarár. Báðar tölur hafa lækkað töluvert frá árinu 2010 en merki eru um að lækkun hafi stöðvast á síðustu árum. Ísland er með hæsta hlutfall snemmbærs brotthvarfs

á Norðurlöndum og hefur oftast einnig verið með hæsta hlutfall fólks á aldrinum 25–34 ára án framhaldsskólamenntunar. Þó eru merki um að báðir ferlar leiti niður. Hlutfall fólks á aldrinum 15–24 ára í vanvirkni er nokkuð stöðugt og alltaf með því lágsta á Norðurlöndunum.

Mynd 1

Helstu mælikvarðar á brotthvarf og vanvirkni frá 2011 til 2024 (Eurostat, e.d.-e, e.d.-f, e.d.-g; Hagstofa Íslands, e.d.-f; þingskjal nr. 329/2023–2024)




Eins og sést segja þessir mælikvarðar ekki allir sömu söguna og það er sérstaklega áhugavert að á meðan snemmbært brotthvarf hér á landi er það hæsta á Norðurlöndum (og með því mesta í Evrópu) er hlutfall ungs fólks í vanvirkni jafnan með lágsta móti hér á landi í samanburði við önnur Norðurlönd (og raunar Evrópu einnig).

Aldursdreifing við útskrift úr framhaldsskóla

Á Mynd 2 sést hlutfall nemenda 25 ára og eldri sem útskrifast í fyrsta skipti með próf á framhaldsskólastigi á fjórum Norðurlöndum (tölur frá Svíþjóð eru ekki sýndar þar sem það er 100% öll árin vegna þess hvernig sænskar námsgráður flokkast). Á myndinni sést að hlutfall nemenda sem útskrifaðist mjög seint var umtalsvert hærra á Íslandi en á öðrum Norðurlöndum þegar tímaröð hefst. Ísland færir síðan nær Noregi og Finnlandi á tímabilinu og skýrist það sennilega að verulegu leyti af styttingu framhaldsskólans. Lægri útskriftaraldur á örugglega nokkurn þátt í lækkandi hlutfalli 25–34 ára án framhaldsskólaprófs og sennilega einhvern þátt í lækkandi hlutfalli snemmbærs brotthvarfs. Þegar einstaklingur er útskrifaður getur hann ekki horfið aftur í brotthvarfsástand.

Mynd 2

Hlutfall þeirra sem útskrifast í fyrsta skipti úr framhaldsskóla 25 ára eða eldri á fjórum Norðurlöndum eftir árum (Eurostat, e.d.-h)



Áhættuþættir brotthvarfs

Ástæður brotthvarfs úr framhaldsskólanámi hafa töluvert verið rannsakaðar og frá ólíku fræðilegu sjónarhorni félagsvísinda, menntavísinda og jafnvel heilbrigðisvísinda. Hið sama á við um vægi fyrirbyggjandi þátta brotthvarfs. Mikilvægt er að markmið um að draga úr brotthvarfi í opinberri stefnumótun byggji á niðurstöðum slíkra rannsókna þar sem ungt fólk greinir frá afstöðu sinni til ýmissa þátta skólagöngunnar, bæði þeirra sem tengjast áskorunum í námi en jafnframt farsælli skólagöngu (Kefallinou, 2020; Þóra Þórðardóttir, 2020). Með vistkerfiskenningu þroskasálfræðingsins Bronfenbrenner (1979, 2005) að leiðarljósi má skoða á heildstæðan hátt áhættu- og verndandi þætti sem tengjast brotthvarfi ungmenna úr framhaldsskóla. Í vistkerfislíkani hans „Process-Person-Context-Time“ (PPCT) er sýnt hvernig einstaklingurinn er virkur í að byggja upp og endurbyggja stöðugt þekkingu sína, skilning og reynslu í samspili við umhverfi sitt. Í miðju líkansins er einstaklingurinn sjálfur eða ungmennið í þessari rannsókn og þættir sem tengjast til að mynda heilbrigði þess, færniþáttum í námi, samskiptum og skapgerð. Í hringjunum í kringum einstaklinginn eru umhverfisþættir sem í samhengi við einstaklingsþætti geta haft þýðingu fyrir hvernig ungmenninu vegnar, til að mynda á skólagöngu sinni. Í næsta umhverfi einstaklingsins er nærkerfið (e. microsystem) en þar eru þeir sem ungmennið umgengst mest, til dæmis foreldrar/ forsjáraðilar, fjölskylda, kennarar og vinir. Í millikerfinu (e. mesosystem) fara fram samskipti aðila úr nærkerfinu. Í stofnanakerfinu (e. exosystem) eru velferðarkerfi samfélagsins eins og menntakerfið, heilbrigðiskerfið og félagslega kerfið. Loks er lýðkerfið (e. macrosystem) en þar liggja viðmið, menning og gildi samfélagsins. Loks skilgreinir Bronfenbrenner tímakerfið (e. chronosystem) en það liggur þvert á öll kerfi og vísar til tíma í lífi einstaklinga, allt frá því að vera hér og nú til lífsgöngunnar í heild, en á henni getur margt gerst sem hefur áhrif á velferð þeirra, svo sem ýmis áföll, flutningar, veikindi og náttúruhamfarir.

Fjárhagsstaða fjölskyldu og hvatning foreldra

Vitað er að félags- og efnahagslegir þættir hafa mótandi áhrif á námsgengi ungs fólks og ákvarðanir þeirra um skólagöngu, s.s. fjárhagsstaða fjölskyldu, fyrri skólaganga, viðhorf til náms og félagsleg tengsl (Guðný Björk Eydal og Björk Vilhelmsdóttir, 2019; Kolbeinn H. Stefánsson og Helgi E. Eyjólfsson, 2022). Skýr tengsl eru á milli námsgengis einstaklinga og fjárhagsstöðu fjölskyldu, þó þeim áhrifum sé einnig miðlað í gegnum samspil annarra þátta líkt og viðhorfa foreldra og námsárangurs. Sýnt hefur verið fram á að efnahagsleg staða foreldra hefur veruleg áhrif á aðgengi ungs fólks að framhaldsskóla hér á landi (Berglind Rós Magnúsdóttir o.fl., 2020). Uppeldishættir foreldra geta jafnframt haft verulega þýðingu fyrir skólagöngu ungmenna og hvort hún verður farsæl eða ekki (Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2019). Þá hafa rannsóknir líka sýnt að stuðningur kennara getur haft verulega þýðingu fyrir að nemendum gangi vel og helgi sig námi sínu (Kristjana Stella Blöndal og Elva Björk Ágústsdóttir, 2022).

Skólaganga og námstengdir þættir

Rannsóknir bæði hér á landi (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007) og erlendis (Shao o.fl., 2024) hafa gefið til kynna að líðan í grunnskóla, tengsl við jafnaldra og annað fólk í nærumhverfinu geti haft mikla þýðingu fyrir nám og velferð ungs fólks. Þannig getur líðan í skólagöngu á yngri árum haft verulega þýðingu fyrir sýn ungmenna til frekara náms þegar fram í sækir (Klemp o.fl., 2025). Slíkir þættir geta gegnt lykilhlutverki í að auka eða draga úr líkum á brotthvarfi og styðja við velferð ungs fólks, jafnvel þegar ytri aðstæður eru krefjandi. Þetta samræmist hugmyndum um nám sem langtímaferli þar sem félagslegt umhverfi og tengsl gegna mikilvægu hlutverki og móta námsáhuga og framtíðarsýn. Fylgst er vel með líðan grunnskólanema á Íslandi, ekki síst með fyrirlögn ÍÆ, og sýna niðurstöður þeirrar rannsóknar að miklum meirihluta nemenda líður ágætlega í grunnskólanum og tengjast samnemendum sínum vel (Ragný Þóra Guðjohnsen o.fl., 2023b). Engu að síður eru vísbendingar um að sumir nemendur upplifi sig síður tilheyrja innan skólans og eigi fáa vini (Kolbrún Þ. Pálsdóttir o.fl., 2022). Það að tengjast jafnöldrum og öðru fólki í umhverfi sínu á merkingarbæran hátt er lykilmáttur í að upplifa sig hafa tilgang í lífinu (Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2023). Einnig gegna samskipti við kennara mikilvægu hlutverki en nýleg viðtalsrannsókn við framhaldsskólanema hér á landi leiddi einmitt í ljós að þeir töldu að kennarar sem legðu áherslu á að byggja upp jákvæð tengsl við nemendur gætu stuðlað að skuldbindingu og þeirri tilfinningu að þeir tilheyrðu skólasamfélaginu (Kristjana Stella Blöndal og Elva Björk Ágústsdóttir, 2022).

Ýmsir rannsakendur hafa bent á að oft megi greina merki áskorana í námi hjá börnum snemma á skólagöngunni, til að mynda í lestri eða stærðfræði, sem hefur veruleg áhrif á sjálfsmynd þeirra í námi (Guðrún Björg Ragnarsdóttir o.fl., 2024; McArthur o.fl., 2016). Í rannsókn Kristjáns K. Stefánssonar o.fl. (2015) kemur fram að á unglingsárum birtist þetta oft í að smám saman dragi úr virkri þátttöku nemenda í skólastarfi og skuldbindingu til náms (e. school engagement) sem dragi úr líkum á farsælli skólagöngu. Þá hafa fyrri rannsóknir bent til þess að námsgengi ungmenna og reynsla þeirra af fyrri skólastigum hafi veruleg áhrif á ákvarðanir þeirra um framhaldsnám (Birkelund o.fl., 2021; Heiður Hrund Jónsdóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2023). Í náminu verður smám saman til námsleg sjálfsmynd (e. academic self-concept) ungmennanna og upplifun af að hafa tilgang (e. sense of purpose; Heiður Hrund Jónsdóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2023). Öðlist þau þannig trú á eigin getu (e. self-efficacy) getur það haft mikið að segja um hvernig þeim vegnar í áframhaldandi námi (Pedditzi, 2024).

Það er því ljóst að í fyrirbyggjandi vinnu innan skóla með nemendum í þessari stöðu er mikilvægt að huga að vitsmuna-, hegðunar- og tilfinningalegum þáttum. Í yfirlitsrannsókn Wang o.fl. (2024) er á sama hátt lögð áhersla á að vinna ekki eingöngu með færniþætti sem snúa að náminu heldur samhliða með aðra þætti eins og að styðja við félagsleg tengsl nemandans í skólanum, veita tilfinningalegan stuðning og setja skýran ramma um mætingu og skólahegðun. Þá hefur komið fram að gagnvirkt langtímasamband sé milli virkrar þátttöku og sjálfstjórnar (e. intentional self-regulation) sem felur í sér hæfileikann til að setja sér langtímamarkmið og forgangsraða til að ná þeim fram (Kristján K. Stefánsson o.fl., 2018).

Framtíðaráform ungs fólks

Það hefur sýnt sig að jákvæð sýn á eigin getu hefur áhrif á frammistöðu einstaklinga. Til að mynda sýndi bandarísk samburðarrannsókn að ungt fólk sem kom frá heimilum sem stóðu fjárhagslega höllum fæti var líklegra til að brautskrást úr framhaldsskóla ef það hafði trú á félagslegan hreyfanleika og eigin getu (Browman o.fl., 2022). Flókið samspil félagslegra og persónulegra þátta mótar trú einstaklinga á eigin getu og getur haft veruleg áhrif á náms- og starfsval og framtíðarhorfur hvers og eins (Barron og Gravert, 2022; Birkelund o.fl., 2021). Fyrri rannsóknir sýna að töluverður munur er á reynslu nemenda sem sækja í bóklegt nám annars vegar og starfs- og iðnnám hins vegar. Til að mynda sýndi nýleg rannsókn að nemendur í iðn- og verknámi fundu aukinn tilgang og sterkari tengsl við námið eftir því sem á leið, en trú á eigin getu og tilgangur með námi minnkaði hjá nemum í bóknámi (Heiður Hrund Jónsdóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2023). Líðan í grunnskóla, tengsl við jafnaldra og annað fólk í nærumhverfinu geta haft mikla þýðingu fyrir framtíðaráform um nám og mótað velferð ungs fólks (Shao o.fl., 2024). Því skiptir miklu máli að huga að námsreynslu og félagslegum tengslum innan skóla sem geta haft verulega þýðingu fyrir sýn ungmenna til frekara náms þegar fram í sækir (Klemp o.fl., 2025).

Rannsóknarspurningar

Rannsóknin er leitandi og eru því ekki settar fram tilgátur til prófunar. Við höfðum þó væntingar um að sjá merki um að brotthvarfshópur væri misleitur og að þeim hluta sem ætlar sér í frekara nám svipaði meira til hópsins sem er ekki í brotthvarfi en þeirra sem eru í brotthvarfshópi. Þessar væntingar byggja á tveimur meginforsendum. Annars vegar á að Íslendingar hafa lengi verið óvenjulega líklegir til að útskrifast seint úr framhaldsskóla. Hins vegar að hlutfall vanvirkni meðal ungs fólks á Íslandi er með því lægsta sem gerist í Evrópu. Um leið er hlutfall snemmbærs brotthvarfs það hæsta á Norðurlöndum og með því hæsta í Evrópu (Eurostat, e.d.-e). Sögulega er atvinnuleysi á Íslandi lítið og atvinnuþátttaka mikil (Hagstofa Íslands, 2024). Þá er íslenska framhaldsskólakerfið mjög opið og auðvelt að hverfa frá og snúa aftur til náms (Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2019). Í rannsókninni var leitað svara við (1) hvað einkenni stöðu og framtíðaráform 18–24 ára ungmenna sem hvorki stunda né hafa lokið námi á framhaldsskólastigi (brotthvarfshópur) í samanburði við þau sem stunda framhaldsskólanám eða hafa lokið því (skólahópur), (2) hvaða ástæður ungmenni utan skóla gefa fyrir brotthvarfi og (3) hvort fram komi munur á forspárþáttunum og ástæðum brotthvarfs innan brotthvarfshópsins eftir því hvort þau hafi áform um nám í náinni framtíð eða ekki.

Aðferðafræði og framkvæmd

Rannsóknin er byggð á gögnum ÍÆ frá 2022 sem nær til þverskurðar ungs fólks sem er í brotthvarfi á ákveðnum tímapunkti með samanburði við ungt fólk sem ekki er í brotthvarfi. Spurningakönnun getur gripið marga sem ekki má ráða úr opinberri tölfræði um reynslu ungmennanna, upplifun þeirra, framtíðarsýn og ástæður brotthvarfs.

Lagður var fyrir spurningalisti í símaviðtali, í hópi ungs fólks 18–24 ára. Markhópur var fólk á aldursbilinu sem hvorki hafði lokið né var skráð í nám á framhaldsskólastigi. Til samanburðar var dregið úrtak sem annaðhvort hafði lokið námi eða var í námi. Spurningalistinn samanstóð bæði af lokuðum spurningum með svarmöguleikum og opnum spurningum þar sem spyrill skráði svar þátttakenda. Könnuð var staða ýmissa farsældarvísa í hópunum tveimur til að varpa ljósi á og skilja betur stöðu og áform ungs fólks sem hættir í skóla eða tekur hlé á skólagöngu.

Þátttakendur

Rannsóknin er úrtaksrannsókn með lagskiptu úrtaki. Þýði könnunarinnar var ungmenni sem uppfylltu eftirfarandi fjögur skilyrði: 1) Höfðu búsetu á Íslandi, 2) voru með íslenskt ríkisfang, 3) höfðu náð fullum 18 ára aldri þegar könnun fór fram og 4) höfðu ekki náð fullum 25 ára aldri.

Þýði könnunarinnar var takmarkað við íslenska ríkisborgara þar sem það var talið illa gerlegt að ná nægilegu svarhlutfalli meðal nýlegra innflytjenda til að niðurstöður gætu endurspeglad þann hóp. Bæði er erfitt að finna símanúmer fyrir hópinn og erfitt að leggja fyrir án þess að hafa spyrta sem gætu lagt fyrir á mörgum tungumálum. Var því talið skýrara að skilgreina hópinn utan þýðis en að setja fyrirvara um að niðurstöður endurspegluðu hann illa.

Úrtaksrammi könnunarinnar var Þjóðskrá sem auðguð var með upplýsingum úr Innu, upplýsingakerfi sem notað er í langflestum framhaldsskólum á Íslandi og heldur utan um nemendaskráningu og ýmsa þætti kennslu (<https://www.inna.is/>).

Úrtakið var lagskipt með þeim hætti að ungmennum sem töldust til þýðisins samkvæmt upplýsingum í Þjóðskrá var skipt í tvo hópa: 1) Hópur sem var skráður í nám á framhaldsskólastigi eða hafði lokið slíku námi samkvæmt Innu (skólahópur). 2) Hópur sem aldrei hafði verið skráður í nám á framhaldsskólastigi eða hafði hætt námi án þess að útskrifast samkvæmt Innu (brotthvarfshópur). Þegar úrtaksramma hafði verið skipt með þessum hætti var dregið einfalt slembiúrtak 1000 ungmenna úr brotthvarfshópi. Því næst var skólahópi lagskipt eftir aldri í heilum árum og úrtak dregið úr skólahópi með sömu aldursdreifingu.

Fyrir þessari lagskiptingarnálgun voru tvær ástæður. Í fyrsta lagi var nauðsynlegt að ná í nægilega stóran hóp af svarendum utan skóla enda var meginmarkmið rannsóknar að skoða þann hóp. Samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands var hlutfall aldurshópsins 18–24 ára í snemmbæru brotthvarfi 16,5% árið 2022 (Eurostat, e.d.-e). Einfalt slembiúrtak úr þýði 18–24 ára ungmenna hefði því þurft að vera mun stærra til að skila nægilega mörgum svörum úr brotthvarfshópi.

Lagskipting eftir aldri helgast af því að það er nær öruggt að aldursdreifing í þeim tveim hópum sem ætlunin var að bera saman er töluvert ólík. Fjöldi 16 ára unglunga sem er innritaður í nám á framhaldsskólastigi að hausti hvers árs hefur lengi verið næstum sami fjöldi og Hagstofa Íslands (e.d.-e, e.d.-f) áttlar að búi á landinu. Ef næstum allir innritast í framhaldsskóla er brotthvarf oftast ferli sem tekur tíma. Þeir sem hverfa frá námi í fyrsta skipti eru því að jafnaði eldri en þeir sem innritast í fyrsta skipti. Brotthvarfsnemendur geta alltaf snúið aftur til náms en þeir sem eru útskrifaðir geta ekki farið aftur í brotthvarf. Það má því ætla að aldursdreifing hópanna sé ólík og það sé afleiðing af hvernig brotthvarf gengur fyrir sig, en tengist ekki orsökum brotthvarfs.

Þar sem markhópur rannsóknarinnar er á miklu umbreytingaskeiði í lífinu mátti búast við að margt af því sem spurt er um hefði sterkt samband við aldur. Þegar spurt er um fortíðina þurfa svarendur að rifja upp mislangt aftur í tímann sem getur skapað fólks árgangaáhrif (e. cohort effect). Þar sem fyrirséð var að gagnasafnið yrði ekki nógu stórt til að bera miklar tölfræðilegar leiðréttingar fyrir áhrifum aldurs var ákveðið að lagskipta á þann veg að aldurskipting í hópunum yrði sem jöfnust.

Þegar lagskipt úrtak hafði verið dregið var síðasta skráða símanúmer þeirra sem drógust í úrtakið sótt úr Innu. Aldurshópurinn sem um ræðir er sjaldan með númer skráð í símaskrá en þar sem innritunarhlutföll í framhaldsskóla eru mjög há höfðu flestir í aldurshópnum einhvern tímann skráð símanúmer í Innu. Öðrum upplýsingum um þátttakendur úr Innu var eytt þegar úrtak hafði verið dregið. Endanleg flokkun í skólahóp og brotthvarfshóp byggir því á svörum þátttakenda við könnuninni en ekki upplýsingum úr Innu. Fyrir þessu voru tvær ástæður. Önnur snýr að persónuvernd. Með þessum hætti var aðeins unnið úr upplýsingum sem þátttakendur sjálfir létu rannsakendum í té. Hin er að skráning í Innu endurspegladi stöðu í námi ekki nákvæmlega. Bæði var mögulegt að svarendur væru skráðir í eða hefðu lokið námi á framhaldsskólastigi sem ekki var skráð í Innu og eins kunnu þeir að vera enn skráðir í nám sem þeir litu sjálfir svo á að þeir hefðu hætt.

Könnunin var símaviðtalskönnun. Úthringingar voru framkvæmdar af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands á tímabilinu 1. júní til 16. ágúst 2022. Reynt var að ná í þátttakendur allan tímann sem gagnasöfnun stóð yfir. Ekki var sett fast þak á fjölda tilrauna til að ná sambandi. Miðgildi fjölda tilrauna fyrir þá sem ekki náðist í var 7 en mesti fjöldi var 13.

Samtals fengust svör frá 878 svarendum (43,9% heildarsvarhlutfall). Af þeim reyndust 276 í brotthvarfshópi og 602 í skólahópi. Þótt skilgreining samkvæmt könnun falli ekki nákvæmlega að skilgreiningu sem lögð var til grundvallar lagskiptingu má ætla að svarhlutfall meðal skólahóps hafi verið um tvöfalt hærra en í brotthvarfshópi. Skipting svarenda eftir kyni, búsetu og aldri kemur fram í *Töflu 1*.

Tafla 1

Skipting svarenda eftir bakgrunnsbreytum

Breyta	Brotthvarfshópur	Skólahópur	Alls
	<i>n (%)</i>	<i>n (%)</i>	<i>n (%)</i>
Kyn			
Karlar	197 (71%)	294 (49%)	491 (56%)
Konur	72 (26%)	301(50%)	373 (43%)
Kvár eða vilja ekki svara	7 (3%)	7 (1%)	14 (2%)
Búseta			
Höfuðborgarsvæðið	140 (51%)	371 (62%)	511 (58%)
Landsbyggð	136 (49%)	231 (38%)	367 (42%)
Aldur			
18 ára	32 (12%)	76 (13%)	108 (12%)
19 ára	35 (13%)	93 (15%)	128 (15%)
20 ára	34 (12%)	73 (12%)	107 (12%)
21 árs	49 (18%)	99 (16%)	148 (17%)
22 ára	45 (16%)	72 (12%)	117 (13%)
23 ára	43 (16%)	93 (15%)	136 (16%)
24 ára	38 (14%)	96 (16%)	134 (15%)

Skýring. Hlutfallstölur sýna skiptingu hvers dálks eftir breytu, námundað að heilum prósentustigum.

Eins og ráða má af *Töflu 1* náðist ekki að hafa hlutföll á milli skóla- og brotthvarfshópa eins jöfn og stefnt var að. Hins vegar náðist nokkuð áþekkt aldursdreifing í báðum hópum.

Í brotthvarfshópi sagðist 261 svarandi (95%) einhvern tímann hafa hafið nám eftir grunnskóla. Í skólahópi voru 407 (68%) í námi á framhalds- eða háskólastigi þegar könnunin fór fram.

Mælingar

Bakgrunnsbreytur

Meginbakgrunnsbreytur voru fjórar; kyn, aldur, búseta og staða í námi. Boðið var upp á svarmöguleikana „Karlkyn“, „Kvenkyn“ og „Kynsegin“. Aldur var í heilum aldursárum þegar úrtak var dregið. Alltaf var miðað við fullt aldursár. Til dæmis taldist þátttakandi 18 ára ef hann hafði átt 18 ára afmælisdag en ekki 19 ára afmælisdag. Til að ákvarða búsetu voru þátttakendur spurðir í hvaða pósnúmeri þeir hefðu fast aðsetur. Svör voru síðan flokkuð eftir landshlutaskiptingu.

Staða í námi

Til að meta stöðu í námi voru þátttakendur spurðir hvort þeir hefðu lokið einhverju námi eftir grunnskóla og hvort þeir væru skráðir í nám á vorönn 2022. Þeir sem höfðu lokið námi eða voru skráðir í nám voru spurðir hvaða námi þeir hefðu lokið eða væru skráðir í. Þeir sem voru skráðir í eða

höfðu lokið námi ofar grunnskóla voru flokkaðir í skólahóp. Þeir sem uppfylltu hvorugt skilyrðið voru flokkaðir í brotthvarfshóp.

Fjárhagslegt bakland

Allir þátttakendur voru spurðir: „Hversu sterkt peningalegt bakland hefur þú í foreldrum þínum eða öðrum aðstandendum? Með peningalegu baklandi er til dæmis átt við að foreldrar gætu borgað mánaðarleigu fyrir þig ef eitthvað kæmi upp á.“ Svarmöguleikar voru: „Mjög sterkt“, „Frekar sterkt“, „Frekar veikt“ og „Mjög veikt“. Svarendur í brotthvarfshópi voru ekki spurðir sérstaklega hvernig bakland þeir höfðu þegar þeir hurfu frá námi en ætla má að styrkur fjárhagslegs baklands haldist jafnan nokkuð stöðugur yfir tímabil sem er mest sjö ára langt og oftast mun styttra.

Hvatning foreldra

Allir svarendur voru spurðir: „Hvert af eftirtöldu lýsir því best hversu mikla eða litla hvatningu við námið þú fékkst frá foreldrum þínum þegar þú varst í grunnskóla?“ Svarmöguleikar voru: „Mjög mikla“, „Frekar mikla“, „Hvorki mikla né litla“, „Frekar litla“, eða „Mjög litla“.

Líðan í grunnskóla

Allir svarendur voru spurðir: „Hvert af eftirtöldu lýsir því best hvernig þér leið síðustu þrjú árin í grunnskóla?“ Svarmöguleikar voru: „Mjög vel“, „Frekar vel“, „Hvorki vel né illa“, „Frekar illa“ og „Mjög illa“.

Framtíðarsýn

Gefandi vinna: Allir svarendur voru spurðir: „Hvert af eftirtöldu lýsir því best hversu líklegt þú telur að þú verðir í starfi sem þér finnst skemmtilegt þegar þú verður 30 ára?“ Svarmöguleikar voru: „Nær öruggt“, „Líklegt“, „Ólíklegt“, „Nær útilokað“.

Fjárhagsleg afkoma: Allir svarendur voru spurðir: „Hvert af eftirtöldu lýsir því best hversu líklegt þú telur að þú hafir góð laun þegar þú verður 30 ára?“ Svarmöguleikar voru: „Nær öruggt“, „Líklegt“, „Ólíklegt“, „Nær útilokað“.

Ástæður fyrir að hætta námi

Svarendur sem höfðu stundað nám að loknum grunnskóla en hætt án þess að ljúka því voru spurðir: „Á skalanum 1 til 5 þar sem 1 er ekkert vægi og 5 mesta vægi sem ástæða getur haft hvað myndir þú segja að eftirfarandi þættir hafi haft mikið að segja um þá ákvörðun þína að hætta námi?“ Síðan voru taldar upp 10 mismunandi ástæður: „Námsleiði“, „Tilboð um gott starf“, „Peningavandræði“, „Erfiðar aðstæður heima“, „Lítill tilgangur með námi“, „Þér fannst þú ekki ráða við nám“, „Nám var ekki nauðsynlegt fyrir starf sem þú vildir“, „Það gekk illa í náminu“, „Erfið samskipti við aðra nemendur í skólanum“ og „Erfið samskipti við kennara eða starfsmenn skólans“. Svarendur mátu hverja ástæðu fyrir sig.

Aframhaldandi nám

Þeir svarendur sem töldust til brotthvarfshóps voru spurðir: „Hvert af eftirtöldu lýsir því best hversu líklegt það er að þú hefjir nám að nýju næstu tvö árin?“ Svarmöguleikar voru: „Öruggt“, „Líklegt“, „Ólíklegt“ og „Útilokað“.

Úrvinnsla

Breytum sem spá fyrir um brotthvarf er skipt við viðmiðunargildi og unnið er með hlutföll svarenda sem velja jákvæðari enda svarkvarðans. Þessi nálgun gerir ráð fyrir að munur á endum svarkvarðanna

sé eðlismunur frekar en stigsmunur eða magnbundinn munur (t.d. að það sé ekki stigsmunur á að hafa liðið vel eða illa í grunnskóla). Ef farið væri með kvarðana sem talnakvarða væri verið að gefa sér þá forsendu að samfelld vídd lægi að baki þeim. Það er auðvitað stór umræða hvor leiðin sé réttari. Sú umræða er fyrir utan efni þessarar greinar en í öllu falli er sú leið sem hér er farin ein leið til að lýsa mismun á dreifingu svara.

Hlutföll eru vigtuð eins og aldur í heilum aldursárum væri jafndreifður í báðum hópum, það er jafn margir 18 ára, 19 ára, 20 ára o.s.frv. Við fáum því út tölur sem ekki eru í fullu samræmi við niðurstöður í skýrslu ÍÆ um könnunina sem hér er unnið úr (Ragný Þóra Guðjohnsen o.fl., 2023-b). Markmið ÍÆ er að lýsa þýði og svör því vigtuð eftir aldurs- og kynjasamsetningu í þýði í hópunum sem um ræðir. Markmið þessarar rannsóknar er hins vegar að leita vísbendinga um orsakir og ástæður brotthvarfs.

Skólahópur og brotthvarfshópur voru bornir saman á líklegum forspárþáttum brotthvarfs. Þá var gerður samanburður innan brotthvarfshóps á sömu þáttum, á milli þeirra sem hafa áform um áframhaldandi nám fljótlega og þeirra sem telja sig horfna frá námi til lengdar eða varanlega. Svör við opnum og lokuðum spurningum um ástæður brotthvarfs voru borin saman innan brotthvarfshópsins, eftir sömu skiptingu.

Þegar skóla- og brotthvarfshópar voru bornir saman voru smíðuð Poisson-aðhvarfslíkön þar sem leiðrétt var fyrir aldri. Aldursár voru tilgreind sem flokkabreyta. Þannig var ekki gert ráð fyrir að aldursáhrif væru endilega línuleg. Falli líkönin vel að gögnum geta þau skilað áreiðanlegu mati á tíðnihlutföllum (e. rate ratios) ásamt öryggisbilum, eftir að leiðrétt er fyrir áhrifum ólíkrar aldursdreifingar. Traustar (e. robust) staðalvillur voru metnar þar sem útkomur voru tvíkosta (Zou, 2004). Þessi notkun á Poisson-aðhvarfsgreiningu með tvíkosta útkomum er stundum kölluð aðlöguð Poisson-aðhvarfsgreining (e. modified Poisson regression). Þegar gerður var samanburður innan brotthvarfshóps var úrtakið orðið of lítið til að bera Poisson-aðhvarfslíkan. Hópar voru þá bornir saman með umröðunarprófi Fisher fyrir krosstöflur (e. Fisher's exact test).

Við leiðréttum ekki fyrir áhrifum ólíkrar kynjasamsetningar eða búsetu. Þótt þessar breytur dreifist ólíkt á milli hópa þá er það ekki nauðsynleg afleiðing af brotthvarfsferlinu (eins og ólík aldursdreifing) heldur skýrist sennilegast af því að karlar og íbúar á landsbyggðinni eru jafnan hærri í áhættuþáttum fyrir brotthvarfi en konur og íbúar á höfuðborgarsvæðinu. Sé leiðrétt fyrir kyni og búsetu er hætt við að mat á áhrifum verði óstöðugt og illa túlkanlegt. Það var ekki gerlegt með þá úrtaksstærð sem hér var unnið með að greina í sundur vægi ólíkra þátta sem stuðla að brotthvarfi eða greina á milli beinna áhrifa og miðlunar (e. mediation). Aðeins brotthvarfshópur var spurður hversu líklegt væri að hefja nám að nýju. Þar birtum við einfalt hlutfall meðal svarenda.


Niðurstöður

Samanburður á milli brotthvarfshóps og skólahóps

Á *Mynd 3* sést að færri í brotthvarfshópi en skólahópi sögðust eiga sterkt fjárhagslegt bakland, búa við hvatningu foreldra, líða vel í grunnskóla eða töldu sig myndu starfa við gefandi vinnu og hafa góða fjárhagslega afkomu í framtíðinni.

Mynd 3

Lýsandi tölfræði fyrir hlutfall svarenda í skólahópi og brotthvarfshópi sem valdi jákvæðari enda svarkvarða við spurningum um fjárhagslegt bakland, hvatningu foreldra, líðan í grunnskóla og framtíðarsýn um gefandi vinnu og fjárhagslega afkomu



Skýring. Aldursflokkar voru vigtaðir eins og þeir væru jafndreifðir í báðum hópum. A) Fyrir svör um fjárhagslegt bakland er sýnt hlutfall sem velur svarmöguleikana „Mjög sterkt“ eða „Frekar sterkt“. B) Fyrir svör um hvatningu foreldra er sýnt hlutfall sem velur svarmöguleikana „Mjög mikla“ eða „Frekar mikla“. C) Fyrir svör um líðan í grunnskóla er sýnt hlutfall sem velur svarmöguleikana „Mjög vel“, „Frekar vel“ eða „Hvorki vel né illa“. D) og E) Fyrir svör um horfur á gefandi vinnu og góðri fjárhagslegri afkomu er sýnt hlutfall sem velur svarmöguleikana „Nær öruggt“ eða „Líklegt“.

Í *Töflu 2* koma fram tíðnihlutföll (e. rate ratios) með 95% öryggisbilum. Skólahópurinn er viðmið-unarhópur og segir stuðullinn því hversu mikið tíðari eða fátíðari útkoman er í brotthvarfshópi. Ef tíðni væri eins í báðum hópum væri tíðnihlutfallið 1.

Tafla 2

Niðurstöður úr fimm aðhvarfslíkönunum sem sýna hversu mikið fátíðari útkoman var í brotthvarfshópi fyrir viðkomandi breytu


Breyta	$\hat{\beta}$	Staðalvilla	Tíðnihlutfall	95% ÖB
Fjárhagslegt bakland	-0,17	0,04	0,85	0,78-0,92
Hvatning foreldra	-0,14	0,04	0,87	0,77-0,94
Líðan í grunnskóla	-0,25	0,05	0,78	0,71-0,85
Gefandi vinna	-0,10	0,03	0,90	0,86-0,95
Fjárhagsleg afkoma	-0,04	0,03	0,96	0,91-1,02

Skýring. ÖB = Öryggisbil. Ef 95% öryggisbil inniheldur 1 er ekki marktækur munur á milli hópa við $\alpha = 0,05$.

Í brotthvarfshópi sögðu 72,7% öruggt eða líklegt að þau myndu hefja nám að nýju innan tveggja ára og 86,1% brotthvarfshóps voru í launaðri vinnu. Á *Mynd 4* má sjá að fimm algengustu ástæður brotthvarfs frá námi (með mikið vægi) voru námsleiði, námserfiðleikar, að upplifa lítinn tilgang með námi, lélegur námsárangur og upplifun af að nám væri ekki nauðsynlegt fyrir það starf sem þau myndu stunda.

Mynd 4

Hlutfall svarenda í brotthvarfshópi sem metur upptalдар ástæður hafa mikið vægi í ákvörðun sinni um að hætta námi




Skýring. Svarendur voru beðnir um að meta á skalanum 1 til 5 hversu mikið vægi hver ástæða hefði haft um ákvörðun þeirra um að hætta námi (þar sem 1 er ekkert vægi og 5 mesta vægi). Myndin sýnir hlutfall svarenda sem gefur ástæðunni vægið 4 eða 5.

Samanburður innan brotthvarfshóps

Á *Mynd 5* sést skipting innan brotthvarfshóps á forspárþáttum brotthvarfs með sama hætti og á *Mynd 3*. Marktækur munur var á milli undirhópanna varðandi fjárhagslega afkomu en ekki á öðrum breytum sem niðurstöður eru sýndar fyrir.

Mynd 5

Hlutfallsleg skipting eftir fjárhagslegu baklandi, hvatningu foreldra, liðan í grunnskóla, og framtíðarsýn um gefandi vinnu og fjárhagslega afkomu í skólahópi og brotthvarfshópi eftir líkum á áframhaldandi námi




Skýring. Á *Mynd 5* sést hlutfallsleg skipting svarenda með sama hætti og á *Mynd 3* nema að hér er brotthvarfsmenndum skipt eftir því hvort þeir sjá fyrir sér að hefja nám að nýju fljótlega eða ekki. Tölur fyrir skólahóp eru sýndar til samanburðar. Eftir að brotthvarfshópi var skipt upp voru hópar orðnir of fámennir til að vigta miðað við jafna alursdreifingu. Hóparnir voru jafnframt of litlir til að framkvæma aðhvarfsgreiningu en hópar innan brotthvarfshópsins voru bornir saman með umröðunarprófi Fishers.

Á *Mynd 6* má sjá hvernig svör um ástæður brotthvarfs skiptust eftir líkum á áframhaldandi námi frá algengustu ástæðu (með mikið vægi) til sjaldgæfustu ástæðunnar (með mikið vægi).

Mynd 6

Hlutfall svarenda í brotthvarfshópi sem metur upptaldar ástæður mikilvægar í ákvörðun sinni um að hætta námi eftir líkum á áframhaldandi námi



Skýring. Ástæðum er raðað á sama hátt og í *Mynd 4*.

Í *Töflu 3* má sjá að enginn marktækur munur var á ástæðum brotthvarfs eftir líkum á áframhaldandi námi nema í tilfalli ástæðunnar „Lítill tilgangur með náminu“. Ástæðan „Tilboð um gott starf“ var þó nálægt því sýna marktækan munur eftir líkum á áframhaldandi námi. Ekki var marktækur munur á forspárþáttum brotthvarfs í rannsókninni eftir líkum á áframhaldandi námi nema í tilfalli ástæðunnar „Fjárhagsleg afkoma“.

Tafla 3

Ályktunartölfræði fyrir forspárþætti brotthvarfs og uppgjafnar ástæður brotthvarfs brotnar niður eftir líkum áframhaldandi námi

Breyta	Líkur á áframhaldandi námi		p
	Öruggt eða líklegt n (%)	Útilokað eða ólíklegt n (%)	
Forspárþættir brotthvarfs			
Fjárhagslegt bakland	143 (75,3%)	48 (68,6%)	0,34
Hvatning foreldra	144 (73,8%)	49 (67,1%)	0,29
Líðan í grunnskóla	127 (65,5%)	50 (69,4%)	0,56
Gefandi vinna	168 (88,0%)	58 (80,6%)	0,16
Fjárhagsleg afkoma	169 (89,4%)	55 (77,5%)	0,02
Uppgjafnar ástæður brotthvarfs			
Námsleiði	71 (41,8%)	30 (49,2%)	0,89
Fannst ekki ráða við nám	55 (30,1%)	25 (36,2%)	0,71
Lítill tilgangur með námi	47 (25,7%)	32 (47,1%)	0,01
Gekk illa í náminu	52 (28,4%)	24 (34,8%)	0,50
Nám ekki nauðsynlegt fyrir starf	47 (25,8%)	22 (33,3%)	0,39
Tilboð um gott starf	40 (22,0%)	13 (19,1%)	0,06
Peningavandræði	35 (19,1%)	8 (11,8%)	0,65
Erfiðar aðstæður heima	31 (16,9%)	9 (13,2%)	0,34
Erfið samskipti við kennara/starfsfólk	25 (13,7%)	12 (17,4%)	0,32
Erfið samskipti við samnemendur	18 (9,9%)	13 (19,1%)	0,33

Opin svör ungmenna

Nokkrar opnar spurningar voru í spurningalistanum sem stuðst var við í rannsókninni. Í einni þeirra voru þátttakendur sem hætt höfðu námi spurðir um ástæðu brotthvarfsins. Af rúmlega 254 opnum svörum nemenda um ástæður þess að hafa hætt í skóla sagðist stærsti hópurinn (38%) hafa hætt vegna áhugaleysis fyrir að stunda nám. Þeir sögðu „metnaðarleysi [hafa verið til staðar], metnaðurinn hafi „[dáið] á öðru árinu“ en töluðu einnig um að vera „löt“, slæma mætingu og skort á framtíðarsýn, „vissi hreinlega ekki hvað ég vildi gera“ og „fékk ógeð af skólanum, verið að kenna manni eitthvað sem var tilgangslaust“. Næststærsti hópur nemendanna (24%) sagðist hafa glímt við einhvers konar andlega vanlíðan eins og „megapunglyndi og kvíða“, áföll eða vímuefnaneyslu. Þriðji stærsti hópurinn (12%) lýsti námserfiðleikum eins og einn nemandi sagði: „Glími við lesblindu og talnablindu og átti erfitt með nám, fékk ekki mikla hjálp í grunnskóla og fékk síðan ekki hjálp í framhaldsskólanum.“ Sá fjórði (10%) lýsti fjárhagserfiðleikum, „hafði ekki efni á því að vera ekki í námi og ekki í vinnu“, erfiðum aðstæðum sem ýttu á að þeir flytji að heiman og nokkrar stúlkur höfðu hætt vegna barneigna. Í fimmta hópnnum (8%) voru nemendur sem hættu vegna þess að þá „langaði að vinna“ og þeim bauðst starf, „fékk pláss út á sjó“. Loks var minni hópur (5%) sem nefndi annars vegar að hafa viljað breyta til, fara í annað nám eða sinna öðrum hugðarefnum: „Námið tengdist engu sem ég vildi gera í lífinu. Námið var hindrun í stað þess að vera stökkpallur.“ Í minnsta hópnnum (3%) voru nemendur sem nefndu félagslega erfiðleika svo sem einelti og að eiga ekki vini, að líða illa í hópi samnemenda og erfiðleika við að breyta „úr bekkjakerfi í fjölbrautakerfi, hentaði mér mjög illa“.

Umræða

Meginniðurstöður rannsóknarinnar sýndu að munur á forspárþáttum brotthvarfs á milli brotthvarfs- og skólahóps var alltaf í þá átt sem búast mátti við og í samræmi við kenningar um að farsæld einstaklinga mótist af samhengi ýmissa áhættu- og verndandi þátta, bæði hjá þeim sjálfum og í umhverfi þeirra (Bronfenbrenner, 2005). Brotthvarfshópur var ólíklegri en skólahópurinn til að gera sér vonir um gefandi vinnu og góð laun við þrítugsaldur en munurinn á síðarnefnda þættinum var þó ekki marktækur. Meiri munur kom hins vegar fram milli hópanna á forspárþáttunum fjárhagslegt bakland, líðan í grunnskóla og hvatning foreldra. Þegar þessir þættir voru bornir saman innan brotthvarfshóps sást enginn skýr munur á þeim þátttakendum sem höfðu áform um frekara nám innan tveggja ára og hinum sem ekki hugðu á frekara nám þegar litið er til forspárþáttanna. Þó voru þeir, sem höfðu áform um frekara nám fljótlega, marktækt líklegri til að vera bjartsýnir á möguleika sína á góðri fjárhagslegri afkomu við þrítugt.

Þegar horft er til niðurstæðna sem snúa að ástæðum fyrir brotthvarfi kom fram að „þrýstiþættir“ á borð við námsleiða, erfiðleika í námi og tilgangssleysi voru hátt á blaði líkt og í fyrri rannsóknum (Guðný Björk Eydal og Björk Vilhelmsdóttir, 2019). Í opnum svörum var jafnframt talað um áhugaleysi og skólaleiða, þá voru áföll nefnd og vanlíðan en fáir vísuðu til „togþátta“ eins og tekjumöguleika á vinnumarkaði.

Ekki kom fram neinn skýr munur á mynstrum þegar ástæður fyrir brotthvarfi voru bornar saman innan brotthvarfshóps. Munur er marktækur á einni breytu af 10; upplifun af tilgangi með námi en þegar margs konar samanburður er gerður er alltaf viðbúið að eitthvað sé marktækt, þótt enginn munur væri í þýði. Á *Mynd 6* má sjá hlutfall svarenda í brotthvarfshópi sem metur upptaldar ástæður mikilvægar í ákvörðun sinni um að hætta námi eftir líkum á áframhaldandi námi. Ástæðum er raðað frá tíðustu til fátíðustu ástæðu þegar hópnun er ekki skipt. Áhugavert er að sjá að hópurinn sem hefur fyrirætlanir um nám fljótlega gefur færri ástæðum mikið vægi varðandi ákvörðun um að hætta námi og eru hlutföll sem sýnd eru á *Mynd 6* því oftast lægri í þeim hópi.

Heilt á litið sýna niðurstöður að ungt fólk í brotthvarfshópi sagðist síður en ungt fólk í skólahópi búa við sterkt fjárhagslegt bakland, hvatningu foreldra og hafa líðið vel í grunnskóla. Það taldi líka minni líkur á að starfa við gefandi vinnu í framtíðinni. Niðurstöður falla því ekki vel að væntingum okkar um að finna meðal brotthvarfsnema umtalsverðan hóp ungs fólks sem er í tímabundnu námshléi en svipi að öðru leyti til skólahóps, þ.e. hafi gott fjárhagslegt bakland, hafi líðið vel í grunnskóla og sé bjartsýnn á framtíðina.

Ekki kom fram skýr munur innan brotthvarfshóps á milli þeirra sem hafa fyrirætlun um nám fljótlega og þeirra sem telja ólíklegt að þau snúi til náms í bráð, þegar ástæður brotthvarfs eru skoðaðar. Þó eru ákveðnar vísbendingar um að fjárhagsvandráði, erfiðar aðstæður heima fyrir og tilboð um gott starf hafi haft meira að segja um ákvörðun um að hverfa frá námi meðal þeirra sem eru í tímabundnu námshléi. Mögulega hefði komið fram meiri munur á hópunum ef spurningar um ástæður brotthvarfs hefðu náð betur utan um áhrif lífsatburða (s.s. barneigna og veikinda) en um það verður litið sagt með vissu nema með nýrri rannsókn.

Hátt atvinnustig og sveigjanlegt skólakerfi hér á landi eiga vafalítið stóran þátt í hversu fáir brotthvarfsnemar festast í vanvirkni en lítill merki voru þó um að möguleikar á vinnumarkaði freistuðu ungmenna til að taka sér stutt námshlé.

Niðurstöður bentu til þess að erfiðleikar í námi, námsleiði og upplifun af litlum tilgangi náms hefðu verið ráðandi ástæður brotthvarfs. Rétt er að benda á að hlutfall í brotthvarfshópi sem hefur gott fjárhagslegt bakland, naut hvatningar foreldra í námi og leið vel í grunnskóla, er nokkuð hátt sem sýnir að brotthvarfsnemar eru fjarri því að vera einsleitur hópur (Kristjana Stella Blöndal og Atli Hafþórsson, 2018). Þrátt fyrir það sýna niðurstöður að fjárhagslegir þættir hafi spilaði inn í ákvörðun margra í brotthvarfshópi um að hætta námi. Sá hópur virðist jafnframt hafa notið heldur

minni stuðnings foreldra við námið. Auk þess má sjá að báðir hópar innan brotthvarfshópsins voru líklegri til að hafa upplifað verri líðan í grunnskóla.

Niðurstöður um þýðingu fjárhagslegs baklands og hvatningar foreldra fyrir brotthvarf ungmenna úr framhaldsskóla falla vel að fyrri rannsóknum (Kolbeinn H. Stefánsson og Helgi E. Eyjólfsson, 2022; Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2019). Jafnframt eru nýmæli í niðurstöðum að sjá mikla þýðingu þess að líða illa í grunnskóla fyrir líkur á brotthvarfi. Fyrri rannsóknir hafa þó bent á að það að upplifa sig tilheyra í skólasamfélaginu sé verndandi þáttur (Kristjana Stella Blöndal og Elva Björk Ágústsdóttir, 2022).

Miðað við niðurstöður rannsóknarinnar má draga þá ályktun að þeir kerfislægu þættir sem best styðja við þennan hóp nemenda séu aukinn sveigjanleiki sem bæði sé til þess fallinn að laða þá nemendur sem hurfu frá námi aftur til náms en jafnframt að styðja við þá í náminu sjálfu. Stuðningur við nemendur í brotthvarfshættu og samtal þar sem hlúð er að góðum tengslum og trausti er til þess fallinn að vera verndandi þáttur og styðja þá til áframhaldandi náms (Kristjana Stella Blöndal og Elva Björk Ágústsdóttir, 2022; Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2019). Jafnframt styðja rannsóknir á þessu sviði mikilvægi þess að styðja við líðan barna í skólastarfi og jákvætt er að sjá slíkar áherslur í kjölfar innleiðingar farsældarlaganna hér á landi og þess að fylgst er með líðan skólubarna í reglulegum mælingum LÆ (Ragný Þóra Guðjohnsen o.fl., 2023-b, 2024, 2025).

Hlutfall brotthvarfnema með áform um frekara nám var fremur hátt, eða um 72%, og vekur það spurningar um hversu margir af þeim láta verða af áformunum. Ekki er auðvelt að átta sig á því með að greina birta tölfræði. Í tölum Hagstofunnar um árgangsbrotthvarf er nemendum aðeins fylgt eftir í 7 ár eftir innritun í framhaldsskóla, sem í flestum tilfellum þýðir til 23 ára aldurs. Um talsverður hópur útskrifast þó í fyrsta skipti af framhaldsskólastigi eftir þann aldur. Um leið eru helstu tölur um menntunarstöðu eftir aldurshópum byggðar á úrtaksgögnum sem erfitt er að brjóta upp eftir hópum. Til að meta áhrif stefnumótunar væri æskilegt að árgangsbrotthvarf með lengri eftirfylgd væri birt reglulega. Æskilegt væri ef menntunarstaða eftir fæðingarárgögnum væri einnig birt reglulega.

Svarhlutfall var um 60% meðal skólahóps og um 28% í brotthvarfshópi en heildarsvarhlutfall 43,9%. Í samanburði við Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar, sem ýmsir lykilmælikvarðar á brotthvarf og vanvirgni byggja á, er það nokkuð gott svarhlutfall. Heildarsvarhlutfall meðal íslenskra ríkisborgara á sama aldursbili í Vinnumarkaðsrannsókninni er svipað og hér (Óli Már Sigurðsson, munnleg heimild, 22. ágúst 2025). Svarlíkindi voru þó sennilega töluvert meiri í könnun LÆ heldur en Vinnumarkaðsrannsókninni þar sem ungt fólk í brotthvarfi var helmingur heildarúrtaks í þessari rannsókn en hlutfall í úrtaki Vinnumarkaðsrannsóknarinnar var um það bil það sama og í þýði.

Svarhlutfallið var samt nógu lágt til að gefa verulegt rúm fyrir ýmsar brottfallsskekkjur (e. nonresponse error) og þá sérstaklega í brotthvarfshópi. Sumar skekkjur eru þekktar og óhjákvæmilegar. Könnunin getur til dæmis ekki náð til ungs fólks sem hefur ekki tók á að svara símakönnun vegna fötlunar eða fangelsisvistar og skapar það óhjákvæmilega eitthvað samband á milli svarlíkinda og þess sem spurt er um í könnuninni. Hversu mikið sambandið er utan jaðarhópa er ekki auðvelt að meta. Það er þó sennilegra að þeir svarendur sem náðist í standi sterkar en þeir sem ekki náðist í, frekar en veikar.

Til dæmis höfðu aðeins um 5% svarenda í brotthvarfshópi hætt námi strax við lok grunnskóla. Út frá útgefnum tölum er ekki hægt að meta nákvæmlega hversu hátt hlutfall íslenskra ríkisborgara á aldrinum 18–24 ára sem eru í brotthvarfi hafi hætt námi strax að loknum grunnskóla en það er erfitt að sjá fyrir sér hvernig hlutfallið getur verið alveg svo lágt. Ef 16,5% aldurshópsins eru í snemmbæru brotthvarfi og 2% af heild hafa aldrei verið skráð í nám er hlutfall þeirra sem aldrei hafa verið skráðir í nám rúm 12% af brotthvarfshóp. Ef 3% hafa aldrei verið í framhaldsskólanámi væri hlutfallið rúm 18%.

Sennilegt er að það sé að jafnaði bæði auðveldara að ná í manneskju og hún líklegri til að taka þátt í könnun eftir því sem hún stendur fastari fótum í samfélaginu. Slíkur einstaklingur er sennilega

líklegri til að vera með finnanlegt símanúmer og treysta stofnunum á borð við Háskóla Íslands, sem var framkvæmdaðili könnunarinnar. Það er því mun sennilegra að svarskekking dragi úr muninum á milli skólahóps og brotthvarfshóps á forspárþáttum brotthvarfs en að hún auki hann.

Hlutfall fólks í brotthvarfi sem hefur fyrirætlanir um nám fljótlega er af sömu ástæðum líklegar ofmetið en vanmetið. Rétt er þó að taka fram að allt bendir til að meirihluti ungs fólks í brotthvarfi hafi fyrirætlanir um frekara nám. Til að hlutfallið með fyrirætlanir um frekara nám væri lægra en 50% í raun þyrfti það að vera um eða undir 40% meðal þeirra sem ekki svöruðu á meðan það var um 73% meðal þeirra sem svöruðu. Það væri ósennilega mikill munur.

Styrkleikar og takmarkanir rannsóknar

Styrkleikar rannsóknarinnar eru nokkrir. Í fyrsta lagi var gögnum safnað meðal tiltölulega stórs hóps brotthvarfsnemenda sem almennt er mjög erfitt að ná til. Í öðru lagi var gögnum safnað með símaviðtölum þar sem auðveldara er að fylgja eftir spurningum og fara meira á dýptina en í spurningalistakönnunum sem ungmenni svara á netinu eða blaði. Í þriðja lagi er nýmæli að skoða tvo mismunandi hópa innan brotthvarfshópsins, þ.e. þá sem hafa hug á að fara aftur í nám og hina sem telja það ólíklegt. Skoðað var hvort fram kæmi munur þegar forspárþættir rannsóknarinnar voru bornir saman milli hópanna tveggja innan brotthvarfshóps. Það kom nokkuð á óvart að niðurstöður voru líkar milli hópanna tveggja og sömuleiðis þær ástæður sem nemendur innan hópanna tveggja nefndu fyrir brotthvarfi sínu. Í fjórða lagi gefa niðurstöður rannsóknarinnar mikilvægar vísbendingar um þá einstaklingsbundnu þætti sem mikilvægt er að hlúa að til þess að styðja betur við nám ungmenna og draga úr brotthvarfi þeirra í framhaldsskóla. Niðurstöður byggja þó á tiltölulega litlu úrtaki sem er óhjákvæmilegt með könnun af þessu tagi þar sem símakannanir eru kostnaðarsöm aðferð til gagnaöflunar og erfitt getur verið að afla símanúmera og finna einstaklinga sem horfið hafa frá námi. Það breytir þó ekki því að úrtaksstærðin takmarkar möguleika á að greina gögnin eftir mörgum breytum samtímis og mörgum mikilvægum spurningum verður ekki svarað með þeim. Sérstaklega væri æskilegt að geta greint niðurstöður fyrir brotthvarfshóp eftir kyni og framtíðarsýn samtímis. Miðað við raunhæfar forsendur er ekki hægt að ná úrtaksstærð til þess nema með lagskiptingu eftir kyni, þar sem karlar eru töluvert fjölmennari meðal brotthvarfsnema. Þá sýnir reynslan að nauðsynlegt væri að draga stærra úrtak í brotthvarfshópi en skólahópi ef fjöldi svara ætti að vera jafn.

Að lokum var óheppilegt að spurningum um ástæður brotthvarfs hefði aðeins verið beint til þeirra brotthvarfsnema sem höfðu hafið framhaldsskólanám en ekki þeirra sem hættu námi strax eftir grunnskóla. Það er vissulega mjög lítill hópur svarenda en það er ekki ósennilegt að þeir svarendur séu töluvert frábrugðnir hinum.

Lokaorð

Niðurstöður rannsóknarinnar gefa mikilvægar vísbendingar um hvaða þætti er mikilvægt að hlúa að á skólagöngu barna og ungmenna til þess að draga úr líkum á brotthvarfi síðar á skólagöngunni. Markmið farsældarlaga og Menntastefnu til 2030 hér á landi er að sjá til þess að börn, foreldrar og fjölskyldur hafi greiðan aðgang að þjónustu til að styðja við farsæld barna og er brotthvarf einn þeirra þátta sem þarf að falla undir. Þeir verndandi þættir brotthvarfs sem niðurstöður okkar benda til að mikilvægt sé að huga að eru í fyrsta lagi að styðja betur við nemendur sem glíma við áskoranir í námi. Þetta var áberandi í báðum hópum brotthvarfshópsins. Sömuleiðis er án efa mikilvægt að styðja við andlega líðan þess hóps en í opnum svörum nemenda var áberandi að þátttakendur nefndu vanlíðan sem ástæðu brotthvarfs. Í öðru lagi þarf að styðja betur við námsval nemenda til þess að auka líkur á að þeir velji nám sem höfðar til þeirra þannig að þeim finnist tilgangur með náminu og finni ekki til námsleiða. Þetta var sérstaklega áberandi í hópi brotthvarfsnemenda sem hafði ekki hug á að snúa aftur í námið síðar. Jafnvel þó meirihluti brotthvarfshópsins segist líklegur til að fara aftur í nám, vitum við ekki hversu margir láta verða af því. Töluleg gögn Hagstofunnar um árgangsbrottfall ná

mest yfir 7 ár og því vitum við ekki hversu margir úr brotthvarfshópnum skila sér aftur í nám. Í þriðja lagi er eftirtektarvert og jákvætt að brotthvarfsnemendur halda áfram virkni í samfélaginu en 86,1% þeirra voru í launaðri vinnu.

Dropout or a break from study? Experiences of young people in high school and those who belong to a dropout group

Post-compulsory education is widely acknowledged for its benefits to both society and students themselves. In Iceland, education for students aged six to sixteen is compulsory through both primary and lower-secondary levels. After graduation over 95% of students enrol in upper-secondary education. However, internationally comparable measures reveal that Iceland's upper-secondary school dropout rates remain relatively high compared to those in other Nordic countries and across Europe, despite a downward trend in recent years. Meanwhile, the proportion of young people not in education, employment or training (NEETs) is consistently one of the lowest in Europe. Unemployment rates in Iceland tend to be very low compared to many other countries and labour participation is high. On average, Icelandic students also graduate later in life than students in other Nordic countries. This raises the question of whether a substantial group of “atypical dropouts” exists among early school leavers in Iceland – young people who resemble those who stay in school but opt to take a year or two off from their studies, perhaps attracted by the vibrant labour market. The relatively easy re-entry into upper-secondary education in Iceland may further support this pattern. We analysed data from the 2022 Icelandic Youth Study focusing on early school leavers aged 18–24 who have neither enrolled in nor graduated from an upper-secondary programme. The study employed a telephone interview survey using a probability sample drawn from nearly complete national records of upper-secondary school enrollees. Out of an initial sample of 2,000 individuals split equally between early leavers and non-leavers, 878 interviews were completed. Based on self-reported educational status, 276 were confirmed as early school leavers and 602 were non-leavers. We compared early leavers and non-leavers on key predictors of school dropout: parental financial support and encouragement, well-being during compulsory school, feelings as well as expectations of obtaining a satisfying and well-paid job by age 30. Within the early leaver group, participants were further compared based on their intent to resume studies, and their reasons for dropping out were analysed via both open- and closed-ended questions. Notably, approximately two thirds of early school leavers planned to resume their studies within two years. A clear difference emerged between leavers and non-leavers across all hypothesised predictors of dropout. However, within the early leaver group, those who planned to resume their studies did not differ markedly from those who did not – aside from one key factor: their expectations regarding the likelihood of having an enjoyable and well-paying job by age 30. The overall pattern of findings was similar across both groups. The most reported reasons for leaving school included lack of motivation, low academic self-efficacy and a diminished sense of purpose. The pattern of responses was not distinctly dissimilar between those with and without plans for further studies. As the sample size is modest and the risk of nonresponse bias is considerable, the findings should be regarded as indicative rather than conclusive. Nonetheless, the overall pattern does not support the notion of a substantial subgroup of high-functioning young individuals who simply take a temporary break from schooling – though such cases undoubtedly exist. While Iceland's strong labour market and accessible upper-secondary education undoubtedly contribute to low NEET rates, our findings suggest that these outcomes reflect early school leavers having access to viable opportunities, rather than a labour market that attracts students away from education.

Key words: upper secondary school, dropout, future goals for studies and work

Um höfunda

Hans Haraldsson (haha@hi.is) er tölfræðingur Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hann lauk B.Sc.-gráðu í sálfræði (2015) og MAS-gráðu í hagnýtri tölfræði (2023) frá Háskóla Íslands.

Ragný Þóra Guðjohnsen (ragny@hi.is) er dósent í uppeldis- og menntunarfræði við Menntavísindasvið (MVS) Háskóla Íslands. Hún lauk PhD-gráðu í menntunarfræðum (2016), MA-gráðu í uppeldis- og menntunarfræði (2009) og embættisprófi í lögfræði (1992), allt frá Háskóla Íslands. Hún lauk einnig viðbótardiplómu í kennslufræði háskóla frá HÍ (2019). Rannsóknir hennar snúa einkum að áhættuhegðun og velferð barna og ungmenna, borgaravitund og borgaralegri þátttöku ungmenna og kennslufræði háskóla.

Kolbrún Þ. Pálsdóttir (kolbrunp@hi.is) er prófessor og forseti Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Hún lauk BA-prófi í heimspeki 1997, MA-gráðu í menntunarfræðum 2001 og PhD-gráðu í menntunarfræðum frá Háskóla Íslands árið 2012. Í rannsóknnum sínum hefur Kolbrún beint sjónum að ferðalagi ungmenna milli ólíks námsumhverfis, formlegs og óformlegs, og lærdómi þeirra innan og utan skóla. Á meðal núverandi rannsóknarverkefna hennar eru farsæld og menntun, tilgangur og merking í lífi ungmenna, og innleiðing gæðaviðmiða í starf frístundaheimila.

About the authors

Hans Haraldsson (haha@hi.is) is the statistician of the Icelandic Youth Study at the School of Education, University of Iceland. He holds a BS degree in Psychology (2015) and an MAS degree (2023) in applied statistics, both from the University of Iceland.

Ragný Þóra Guðjohnsen (ragny@hi.is) is an Associate Professor in Education Studies at the School of Education, University of Iceland. She holds a PhD in Education (2016), an MA in Education Studies (2009), a Cand. Jur. degree in Law (1992) and a graduate diploma in Teaching Studies for Higher Education (2019), all from University of Iceland. Her research focuses on young people's well-being and risk behaviour, civic engagement and teaching development in higher education.

Kolbrún Þ. Pálsdóttir (kolbrunp@hi.is) is a professor and dean of the School of Education at the University of Iceland. She received her BA degree in Philosophy in 1997, an MA in Education in 2001 and a PhD in Education from the University of Iceland in 2012. In her academic work Kolbrún has explored the connection between formal and informal learning as young people navigate their lives between school and out-of-school venues. Her research areas include school-aged educare, formal and informal education, education policy, professionalism and interdisciplinary collaboration. Amongst her current research projects are well-being and education, meaning and purpose in the lives of young people and implementation of quality framework in school-aged educare.

Heimildir

- Barron, K. og Gravert, C. (2022). Confidence and career choices: An experiment. *The Scandinavian Journal of Economics*, 124(1), 35–68. <https://doi.org/10.1111/sjoe.12444>
- Berglind Rós Magnúsdóttir, Auður Magnús Auðardóttir og Kolbeinn H. Stefánsson. (2020). Dreifing efnahags- og menntunarauðs meðal foreldra í skólahverfum höfuðborgarsvæðisins 1997–2016. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 16(2), 285–308. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2020.16.2.10>
- Birkelund, J. F., Karlson, K. B. og Reimer, D. (2021). Upper secondary school tracking, labour market outcomes and intergenerational inequality in Denmark. *Longitudinal and Life Course Studies*, 12(3), 279–298. <https://doi.org/10.1332/175795921X16124376408552>
- Bronfenbrenner, U. (1979). *The ecology of human development: Experiments by nature and design*. Harvard University Press. <https://doi.org/10.4159/9780674028845>
- Bronfenbrenner, U. (2005). The bioecological theory of human development. Í U. Bronfenbrenner (ritstjóri), *Making human beings human: Bioecological perspectives on human development* (bls. 3–15). Sage.
- Browman, A. S., Svoboda, R. C. og Destin, M. (2022). A belief in socioeconomic mobility promotes the development of academically motivating identities among low-socioeconomic status youth. *Self and Identity*, 21(1), 42–60. <https://doi.org/10.1080/15298868.2019.1664624>
- Eurostat. (e.d.-a). *Glossary: Early leaver from education and training*. https://ec.europa.eu/eurostat/statistics-explained/index.php?title=Glossary:Early_leaver_from_education_and_training
- Eurostat. (e.d.-b). *Glossary: Labour force survey (EU-LFS)*. [https://ec.europa.eu/eurostat/statistics-explained/index.php?title=Glossary:Labour_force_survey_\(EU-LFS\)](https://ec.europa.eu/eurostat/statistics-explained/index.php?title=Glossary:Labour_force_survey_(EU-LFS))
- Eurostat. (e.d.-c) *Educational attainment level and transition from education to work* (based on EU-LFS). https://ec.europa.eu/eurostat/cache/metadata/en/edat1_esms.htm
- Eurostat. (e.d.-d). *43% of EU's 25-34-year-olds have tertiary education*. <https://ec.europa.eu/eurostat/web/products-eurostat-news/w/ddn-20240527-1>
- Eurostat. (e.d.-e). *Early leavers from education and training by labour status*. https://ec.europa.eu/eurostat/databrowser/view/edat_lfse_14/default/table?lang=en
- Eurostat. (e.d.-f). *Population in private households by educational attainment level - main indicators*. https://ec.europa.eu/eurostat/databrowser/view/edat_lfse_03/default/table?lang=en
- Eurostat (e.d.-g). *Young persons neither in employment nor in education and training by labour status (NEET rates)*. https://ec.europa.eu/eurostat/databrowser/view/edat_lfse_20/default/table?lang=en
- Eurostat (e.d.-h). *First-time graduates by education level, sex and age group*. [https://ec.europa.eu/eurostat/databrowser/view/educ_uoe_grad08\\$defaultview/default/table?lang=en](https://ec.europa.eu/eurostat/databrowser/view/educ_uoe_grad08$defaultview/default/table?lang=en)
- Guðný Björk Eydal og Björk Vilhelmsdóttir. (2019). Hvaða hindrunum mætir ungt fólk sem er utan vinnu og skóla? *Tímarit félagsráðgjafa*, 13(1), 5–12. https://gudnybjorkeydal.hi.is/sl_cv/publications/8.pdf
- Guðrún Björg Ragnarsdóttir, Anna-Lind Pétursdóttir, Zuilma Gabriela Sigurðardóttir, Kristján Ketill Stefánsson og Harpa Óskarsdóttir. (2024). The development of self-perception of ability in Icelandic children with and without specific learning difficulties. *European Journal of Psychology of Education*, 39, 55–76. <https://doi.org/10.1007/s10212-023-00688-3>
- Hagstofa Íslands. (e.d.-a). *Brautskráningarhlutfall og árgangsbrotthvarf af framhaldsskólastigi 1995–2023*. https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__3_framhaldsskolastig__1_fsProf/SKO03223.px/
- Hagstofa Íslands. (e.d.-b). *Brautskráningarhlutfall og árgangsbrotthvarf af framhaldsskólastigi eftir aldri við flutning til Íslands 2012–2022*. https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__3_framhaldsskolastig__1_fsProf/SKO03226.px/
- Hagstofa Íslands. (e.d.-c). *Brautskráningarhlutfall og árgangsbrotthvarf af framhaldsskólastigi eftir bakgrunni 1995–2023*. https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__3_framhaldsskolastig__1_fsProf/SKO03224.px/
- Hagstofa Íslands. (e.d.-d). *Brautskráningarhlutfall og árgangsbrotthvarf af framhaldsskólastigi eftir menntun foreldra 2012–2023*. https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__3_framhaldsskolastig__1_fsProf/SKO03225.px/

- Hagstofa Íslands. (e.d.-e). *Mannfjöldi eftir kyni og aldri 1841–2025*. https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__mannfjoldi__1_yfirlit__Yfirlit_mannfjolda/MAN00101.px/
- Hagstofa Íslands. (e.d.-f). *Nemendur eftir skólastigi, tegund náms, aldri og kyni 1997–2024*. https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__3_framhaldsskolastig__0_fsNemendur/SKO03107b.px/
- Hagstofa Íslands. (2010). *Dropout in upper secondary education*. <https://hagstofas3bucket.hagstofa.is/hagstofan/media/public/2025/9471dfed-1a95-4891-aa86-13e3d7cc5944.pdf>
- Hagstofa Íslands. (2016). *Vörulýsing: Nemendaskrá; framhaldsskólar og háskólar*. <https://hagstofas3bucket.hagstofa.is/hagstofan/media/public/2024/719b2e28-35d9-4dd4-b37c-e10d8666bfdc.pdf>
- Hagstofa Íslands. (2024, 15. ágúst). *Atvinnuþátttaka aldrei mælt meiri*. <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/vinumarkadur/vinumarkadurinn-a-2-arsfjordungi-2024/>
- Heiður Hrund Jónsdóttir og Kristjana Stella Blöndal. (2023). The choice of track matters: Academic self-concept and sense of purpose in vocational and academic tracks. *Scandinavian Journal of Educational Research*, 67(4), 621–636. <https://doi.org/10.1080/00313831.2022.2042843>
- Kefallinou, A. (ritstjóri). (2020). Aðgerðir til að draga úr brotthvarfi: Lokaskýrsla. *Evrópumiðstöð*. https://www.european-agency.org/sites/default/files/PSF_Final_Summary_Report_IS.pdf
- Klemp, G., Urton, K., Krull, J., Bosch, J. og Wilbert, J. (2025). What does well-being at school mean to primary school students? Children's understanding of basic psychological needs. *International Journal of Educational Research Open*, 8, 100442. <https://doi.org/10.1016/j.ijedro.2025.100442>
- Kolbeinn H. Stefánsson og Helgi E. Eyjólfsson. (2022). Félagsleg og efnahagsleg staða og brotthvarf úr íslenskum framhaldsskólum. *Velferðarvaktin*. <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Sk%C3%BDsla%20-%20brotthvarf%20%C3%BAr%20framhaldssk%C3%B3lum%2024.01.2022.pdf>
- Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2023). Tilgangur og tengsl ungmenna við eigið líf, annað fólk, náttúru og hið yfirskilvitlega. *Sérrit Netlu 2023 – Menntavika 2023*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2023.16>
- Kolbrún Þ. Pálsdóttir, Kolbeinn H. Stefánsson og Hermína Gunnþórsdóttir. (2022). Að tilheyra í skólanum: Áhrifaþættir á upplifun grunnskólanema. *Sérrit Netlu 2021 – HBSC- og ESPAD-rannsóknirnar*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2021.10>
- Kristjana Stella Blöndal og Atli Hafþórsson. (2018). Margbreytileiki brotthvarfsnemenda. *Sérrit Netlu 2018 – Framhaldsskólinn í brennidepli*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2019.11>
- Kristjana Stella Blöndal og Elva Björk Ágústsdóttir. (2022). Skuldbinding nemenda og tengsl við kennara í framhaldsskóla. *Sérrit Netlu 2022 – Framtíð og tilgangur menntunar: Sérrit til heiðurs Jóni Torfa Jónassyni, prófessor emeritus*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2022.78>
- Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2019). Farsæl skólaganga – Námsgengi. Í Sigrún Aðalbjarnardóttir (ritstjóri), *Lífsögur ungs fólks: Samskipti, áhættuhegðun, styrkleikar* (bls. 459–474). Háskólaútgáfan.
- Kristján K. Stefánsson, Steinunn Gestsdóttir, Freyja Birgisdóttir og Lerner, R. M. (2018). School engagement and intentional self-regulation: A reciprocal relation in adolescence. *Journal of Adolescence*, 64(1), 23–33. <https://doi.org/10.1016/j.adolescence.2018.01.005>
- Kristján K. Stefánsson, Steinunn Gestsdóttir, Geldhof, G. J., Sigurgrímur Skúlason og Lerner, R. M. (2015). A bifactor model of school engagement: Assessing general and specific aspects of behavioral, emotional, and cognitive engagement among adolescents. *International Journal of Behavioral Development*, 40(5), 471–480. <https://doi.org/10.1177/0165025415604056>
- McArthur, G., Castles, A., Kohnen, S. og Banales, E. (2016). Low self-concept in poor readers: Prevalence, heterogeneity, and risk. *Peer J*, 4, e2669. <https://doi.org/10.7717/peerj.2669>
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2012). *Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti 2012*.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014). Hvítbók um umbætur í menntun. https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/fretti/Hvitbik_Umbaetur_i_menntun.pdf
- OECD. (2023). *Education at a glance 2023: OECD indicators*. <https://doi.org/10.1787/e13bef63-en>
- Pedditz, M. L. (2024). School satisfaction and self-efficacy in adolescents and intention to drop out of school. *International Journal of Environmental Research and Public Health*, 21(1), 111. <https://doi.org/10.3390/ijerph21010111>

- Ragný Þóra Guðjohnsen, Ellen Dröfn Gunnarsdóttir, Hans Haraldsson, Ólöf Ragna Einarsdóttir og Unnar Geirdal Arason. (2023a). *Íslenska æskulýðsrannsóknin: Könnun meðal ungs fólks utan skóla*. Menntavísindastofnun Háskóla Íslands. <https://doi.org/10.33112/WTPA4086>
- Ragný Þóra Guðjohnsen, Hans Haraldsson, Ólöf Ragna Einarsdóttir og Unnar Geirdal Arason. (2023b). *Íslenska æskulýðsrannsóknin: Landsskýrsla. Farsældarvísar grunnskóla vorönn 2023*. <https://doi.org/10.33112/MVST2023852>
- Ragný Þóra Guðjohnsen, Hans Haraldsson, Ólöf Ragna Einarsdóttir og Unnar Geirdal Arason. (2024). *Íslenska æskulýðsrannsóknin: Landsskýrsla. Farsældarvísar grunnskóla vorönn 2024*. <https://doi.org/10.33112/MVST2024751>
- Ragný Þóra Guðjohnsen, Hans Haraldsson og Unnar Geirdal Arason. (2025). *Íslenska æskulýðsrannsóknin: Landsskýrsla. Farsældarvísar grunnskóla vorönn 2025*. <https://doi.org/10.33112/AOLY9088>
- Shao, Y., Kang, S., Lu, Q., Zhang, C. og Li, R. (2024). How peer relationships affect academic achievement among junior high school students: The chain mediating roles of learning motivation and learning engagement. *BMC Psychology*, 12, 278. <https://doi.org/10.1186/s40359-024-01780-z>
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja – Ákall 21. aldar*. Háskólaútgáfan.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2019). *Lífsögur ungs fólks - Samskipti, áhættuþegðun, styrkleikar*. Háskólaútgáfan.
- Steiner-Khamsi, G., Martens, K. og Ydesen, C. (2024). Governance by numbers 2.0: Policy brokerage as an instrument of global governance in the era of information overload. *Comparative Education*, 60(4), 537–554. <https://doi.org/10.1080/03050068.2024.2308348>
- Stjórnarráð Íslands. (e.d.). *Menntastefna til 2030*. <https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/menntastefna/>
- Stjórnarráð Íslands. (2020). *Drög að stefnu: Menntun barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn*. https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Dr%C3%B6g%20a%C3%B0%20stefnu_menntun%20barna%20og%20ungmenna%20me%C3%B0%20fj%C3%B6lbreyttan%20tungum%C3%A1la-%20og%20menningarbakgrunn_260520.pdf
- UNESCO. (2012). *International standard classification of education (ISCED) 2011*.
- Wang, Q., Hsiao, Y. Y., Hushman, C. og Armstrong, J. (2024). The effectiveness of dropout intervention programs among K-12 students: A meta-analysis. *Journal of Education for Students Placed at Risk*, 30(3), 193–223. <https://doi.org/10.1080/10824669.2024.2342779>
- Zou, G. (2004). A modified poisson regression approach to prospective studies with binary data. *American journal of epidemiology*, 159(7), 702–706.
- Þingskjal nr. 329/2023–2024. *Svar mennta- og barnamálaráðherra við fyrirspurn frá Gísla Rafni Ólafssyni um brottfall úr framhaldsskólum*. <https://www.althingi.is/altext/154/s/0329.html>
- Þóra Þórðardóttir. (2020). *Aðgerðir gegn brottvarfi í framhaldsskólum: Lokaskýrsla*. Menntamálastofnun. https://mms.is/sites/mms.is/files/lokaskyrsla_adgerdir_gegen_brotthvarfi_i_framhaldsskolum.pdf



Hans Haraldsson, Ragný Þóra Guðjohnsen og Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2025)
 Brotthvarf eða námshlé? Aðstæður brotthvarfnema, ástæður fyrir brotthvarfi og áform um frekara nám
 Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun.
<https://doi.org/10.24270/serritnetla.2025.4>